

Ágætu foreldrar og starfsfólk Korpuskóla og Víkurskóla

Ég vil byrja á að óska ykkur til hamingju með nýjan skólastjóra Árnýju Ingu Pálsdóttur og óska henni velfarnaðar í starfi.

Stýrihópur um sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla hélt fimmta fund sinn 19. október í Korpuskóla.

Á þessum fundi var niðurstöðum úr hagsmuna – og áhættugreiningu síðustu tveggja funda dreift til fulltrúanna síðan var unnið í smærri hópum að því að forgangsraða verkefnum og ákveða hver bæri ábyrgð á hverju verkefni fyrir sig. Hver hópur kynnti svo sínar niðurstöður og endanleg forgangsraðun var ákveðin.

Niðurstaða þessa fundar er grunnur í verk- og tímaáætlun hópsins sem er í lokavinnslu og mun verða sett á netið eftir næsta fund hópsins.

Áætluninni verður skipt í þrjá hluta:

- verkefni sem nauðsynlegt er að vinna strax, sum eru þegar farin af stað
- verkefni sem þarf að vinna strax eftir áramót og fram á vor og
- verkefni sem verður að vinna fyrir næsta haust.

Dæmi um verkefni sem fara af stað á vorönn er stefnumörkun fyrir nýjan skóla, að þeirri vinnu koma skólastjóri, starfsmenn, foreldrar og nemendur. Sú stefna verður grundvöllur að starfi skólans frá hausti 2012.

Samkvæmt samþykkt menntaráðs munu skólar sem verða sameinaðir fá nýtt nafn. Rökin fyrir því eru m.a. þau að verið er að leggja skólana niður í núverandi mynd og stofna nýjan skóla. Efnt verður til hugmyndasamkeppni á vef viðkomandi skóla og á vef skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Mynduð verður nefnd með fulltrúum foreldra, starfsfólks, nemenda, og frá skóla- og frístundasviði sem verði falið að gera tillögu að nýju nafni sem skóla- og frístundaráð tekur síðan afstöðu til.

Samkeppni um nafn á nýja skólann verður auglýst og opnuð á vef skólans og vef Reykjavíkurborgar þann **8. nóvember**. Við ætluðum að byrja degi fyrr, en það náðist því miður ekki. Öllum er frjálst að senda inn tillögur að nafni og tekið er á móti þeim til **22. nóvember**. Skóla- og frístundaráð mun síðan velja nafnið eftir að hafa fengið tillögur frá nafnanefndinni.

Vinna er að fara af stað við að sameina tölvukerfi skólanna svo sem Mentor og við að sjá til þess að sameinaður skóli hafi eitt símanúmer. Þetta á að vera tilbúið um leið og nýr skóli tekur til starfa.

Eins og kom fram í síðasta pósti er verið að skoða fjármál skóla í sameiningarferli og fjárhagsáætlun fyrir nýjan skóla verður tilbúin á næstu vikum.

Í stýrihópnum eru skólastjórar skólanna auk fulltrúa starfsmanna og foreldra, fulltrúi Gufunesbæjar og fulltrúi Miðgarðs ásamt fjórum fulltrúum frá skóla- og frístundasviði (Menntasviði) Reykjavíkurborgar.

Ég vil ítreka að öllum er frjálst að koma á framfæri efni til umræðu og hægt er að hafa samband við fulltrúa í hópnum.

Á opinni vefsíðu er að finna allar upplýsingar m.a. fundargerðir hópsins, erindisbréf og hverjir sitja í hópnum. Slóðin er: <http://www.reykjavik.is/skoliogfristund>

Hópurinn er skipaður með erindisbréfi frá sviðsstjóra (fræðslustjóra) og mun starfa til 15. júní 2012. Fram til næstu áramóta er hópnum stýrt af skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu á skóla- og frístundasviði (Menntasviði) en frá áramótum mun nýráðinn skólastjóri hins sameinaða skóla stýra starfi hópsins.

Bestu kveðjur,

fyrir hönd stýrihópsins,

Auður Árný Stefánsdóttir